

**Mál nr. 82/2020****M og  
V vegna slysaftryggingar fjölskyldutryggingar.****Orsakatengsl vegna líkamstjóns vegna tjónsatviks 7. september 2017.****Gögn.**

Málskot, dags. 3. mars 2020 ásamt gögnum.

Bréf V1, dags. 13. mars 2020.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið að ganga út úr verslun þegar hún kræktist í hjólagrind sem komið var fyrir á bílastæði við verslunina og við það dottið á hnén og borið fyrir sig hægri olnboga og vinstri úlnlið. Í læknisvottorði dags. 27. ágúst 2018 kemur fram að farið hafi verið í gegnum sjúkraskrá M á heilsugæslustöð og er þar minnst á í færslu frá 15. nóvember 2017 að M hafi dottið á öxlina „...fyrir nokkrum vikum síðan.“ Í sama læknisvottorði kemur fram að hálfu lækni sem vottorðið ritar að ekki sé hægt að fullyrða að sú koma sé vegna frítímaslyss frá 7. september 2017. Í öðru læknisvottorði dags. 11. júlí 2019 kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslu 8. september 2017 þar sem hún hafi fengið áverka á stórutá. Í því læknisvottorði er einnig lýst samskiptum við lækna í nóvember 2017 og 2018 vegna eymsla í vinstri úlnlið sem og í mars 2019.

M telur sýnt að hún hafi hlotið líkamstjón við fall sitt á bílastæðinu og hún hafi leitað til lækni vegna afleiðinga þess í nóvember 2017 og þá verið greind með mjúkpartabólgu í vinstri úlnlið. Ári síðar hafi hún síðan leitað aftur til lækni vegna þeirra áverka sem og verkja í báðum hnjám og hafi verið til meðferðar bæði hjá handaskurðlækni og gigtarlækni síðan og þurft að segja upp störfum á vinnustað sínum vegna verkja. Auk þess hafi hún verið í sjúkrahjálfun vegna afleiðinga slyssins.

V telur í fyrsta lagi að engin samtímagögn liggi fyrir til staðfestingar á því að M hafi hlotið líkamstjón 7. september 2017 og vísar til þess að M hafi leitað á heilsugæslu daginn eftir vegna annars atviks og þá hafi hún ekki minnst á annað líkamstjón. Einnig vísar V til ummæla í læknisvottorði frá 27. ágúst 2018 að ekki sé hægt að fullyrða að koma M heilsugæslu 15. nóvember 2017 hafi verið vegna frítímaslyss. Einnig bendir V á að í læknisfræðilegum gögnum sé ekki getið um að eymsli í vinstri úlnlið eða mjúkpartabólga sem greind var hafi verið afleiðing slyss. V telur því ekki sannað að M hafi hlotið líkamstjón í frítímaslysi og hafnar bótaskyldu.

**Álit.**

Í málinu liggur annars vegar fyrir tjónstilkynning af hálfu M um fall hennar á bílastæði við verslun og hins vegar læknisfræðileg gögn um komur hennar til lækni vegna meiðsla í öxl, hnjám og úlnlið. Ljóst er að M leitaði ekki til lækni strax eftir fallið, en í komu hennar til lækni daginn eftir vegna annars tjónsatviks, er ekki minnst á fall hennar daginn áður. Í læknisvottorði dags. 27. ágúst 2018 kemur auk þess skýrt fram af hálfu lækni á heilsugæslu að ekki sé hægt að fullyrða að koma M til lækni í nóvember 2017, þar sem hún kveðst hafa fallið á öxl, sé vegna frítímaslyss 7. september 2017. M hefur ekki lagt fram gögn sem hnekkja því álitu lækni og ber M auk þess sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón við fall sitt 7. september 2018. Þau einkenni sem lýst er í læknisvottorðum eru auk þess almenns eðlis og ekkert í gögnunum lýsir einkennum sem dæmigerðum áverkaeinkennum. Eins og gögn liggja fyrir í þessu máli telst ekki nægilega sannað að líkamleg óþægindi hennar sé hægt að rekja til falls hennar í umrætt sinn og er bótaskylda því ekki fyrir hendi hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.